



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/972
komudagur 12.2.2003

Alþingi
Helga E. Þórisdóttir
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 11.02.2003
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um frv. til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Siglingastofnun vísar til bréfs yðar dags. 30. janúar 2003, þar sem stofnuninni er sent til umsagnar frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Siglingastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við efni lagafrumvarpsins, en vill koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum um samstarf og samvinnu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og stofnunarinnar:

Á ársfundi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem haldinn var á Akureyri í maí 2001 voru undirritaðir fimm samstarfssamningar milli félagsins og samgönguráðuneytisins. Grundvöllur samningagerðarinnar var að ráðuneytið keypti tiltekna þjónustu af félaginu og jafnframt að Siglingastofnun myndi, fyrir hönd verkkaupa, hafa umsjón með og annast almennt eftirlit með framkvæmdinni. Sama var látið gilda um öll önnur samskipti sem samningarnir gera ráð fyrir. Viðaukasamningur var gerður vegna málsins í apríl 2002 og var verkefnið formlega fært til Siglingastofnunar 10. maí 2002. Samningarnir sem um ræðir eru: Slysavarnaskóli sjómanna, samningur um sjálfvirka tilkynningarskyldu, samkomulag um Þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum og loks samningur um styrk til reksturs björgunarbáta Slysavarnafélagsins Landsbjargar.


Samningur um starfrækslu Slysavarnaskóla sjómanna gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004. Markmið skólans er auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og veita almenna fræðslu um slysavarnir á sjó. Um starfsemina gilda lög nr. 33/1991 og um reikningshald skólans gilda lög um ársreikninga nr. 144/1994 og um bókhald nr. 145/1994. Á þessu ári er gert ráð fyrir að framlög til skólans nemi 48,5 mkr. Starfsemi skólans hefur verið endurskoðuð með tilliti til nýrra alþjóðaákvæða. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári og greina má þau í 14 efnisflokka og er ýmist um grunnnámskeið að ræða eða þá sérhæfðara efni. Öll námskeið hafa fengið viðurkenningu stofnunar eins og krafist er. Kennslu- og æfingarými er í skipinu Sæbjörgu, en auk þess heldur skólinn úti æfingasvæði í Leirvogsdal ásamt Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Við skólann starfa 6 starfsmenn í fullu starfi, en einn er til viðbótar í hlutastarfi.

Samningur um sjálfvirka tilkynningarskyldu gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004 og er um starfrækslu sjálfvirka tilkynningakerfisins fyrir íslensk skip og báta styttri en 24 metra. Um reikningshald tilkynningaskyldunnar gilda lög um ársreikninga nr. 144/1994 og um bókhald nr. 145/1994. Um sjálfvirku tilkynningarskylduna gilda lög um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977. Á árinu 2003 er gert ráð fyrir að framlög til tilkynningarskyldukerfisins nemi 24,1 mkr. Hin daglega vöktun á STK-búnaðinum um borð í skipunum er í höndum starfsmanna sjálfvirku tilkynningarskyldunnar í Gufunesi sem fylgjast með hverju einasta skipi sem er búið sjálfvirkum búnaði. Um leið og skip dettur út úr kerfinu kemur aðvörun um það fram á skjá starfsmanna. Þegar slíkt gerist fer ákveðinn verkferill í gang skv. verklagsreglum sem Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur sett sér.

Samningurinn um Björgunarbátasjóð Slysavarnafélagsins Landsbjargar gildir frá 1. janúar 2001 til 1. janúar 2005 og er um rekstur björgunarbáta sem starfa eftir reglum Björgunarbátasjóðs Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá 16. janúar 1999. Tilgangur með rekstri björgunarbáta er eins og fram kemur í þjónustusamningi að reka stóra björgunarbáta í C og B2 flokki í samvinnu við björgunarsveitir í öllum landshlutum. Framkvæmd hefur verið með þeim hætti að Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur gert rekstrarsamning við björgunarsveitir í viðkomandi landshluta til að tryggja sem besta nýtingu þeirra fjármuna sem til þessa eru ætlaðir. Samkvæmt þjónustusamningi þeim sem gerður var þá er ætlast til þess að björgunarbátarnir séu ætíð til taks í útköll á þeim svæðum sem rekstrarsamningar við einstakar björgunarsveitir segja til um. Ennfremur hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg skuldbundið sig til að þjálfa áhafnir bátanna til útkalla og viðhalds bátanna. Bátasjóður Slysavarnafélagsins fékk á síðasta ári 18,0 mkr. og dreifðist sú upphæð á 8 bátasjóði sem eru starfræktir hringinn í kringum landið. Upphæðin dreifðist á Björgunarbátasjóð Vestfjarða, Suðurnesja, Vestmannaeyja, Norðurlands, Höfuðborgarsvæðis, Grindavíkur, Norðausturlands og Snæfellsness. Gert er ráð fyrir sambærilegri upphæð í fjárlagafrumvarpi næsta árs til rekstur björgunarbátanna.

Starfsemi á Gufuskálum frá því að samningur um þjálfunar- og fræðslumiðstöð þar var undirritaður 21. maí 1998 hefur einkennst af uppbyggingu svæðisins. Samningurinn um rekstur þjálfunar- og fræðslumiðstöðvar að Gufuskálum á Snæfellsnesi gildir til fimm ára eða til 21. maí 2003. Frá því að samningurinn tók gildi á árinu 1998 hafa u.þ.b. 60 mkr. runnið til uppbyggingar svæðisins og viðhalds þeirra fasteigna sem þar eru. Uppbyggingu er ekki lokið á Gufuskálum og verður henni haldið áfram á næstu árum jafnframt því sem haldin verða námskeið fyrir björgunarsveitarmenn og aðra starfsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Fjárframlög til reksturs á Gufuskálum á árinu 2001 voru 16,9 mkr. en fram kemur í ársreikningi að Slysavarnafélagið hefur greitt samtals 24 mkr. með rekstri Gufuskála sl. 4 ár. Samningurinn frá 21. maí 1998 rennur út á næsta ári. Unnið hefur verið að framlengingu þessa samkomulags nú um nokkurt skeið undir forystu Siglingastofnunar. Gert er ráð fyrir að gerður verði nýr samningur til fimm ára um rekstur þjálfunarbúða og framlag ríkissjóðs verði 11,9 m.kr. á ári miðað við verðlag ársins 2003.

f.h. Siglingastofnunar Íslands,



Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri